



Alþýðusamband Íslands

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29.10.2020  
Tilvísun: 202010-0018

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórnýslu jafnréttismála, 15. mál, 151. löggj.þ.**

Alþýðusamband Íslands átti fulltrúa í flestum þeim vinnuhópum sem komu að vinnu að heildarendurskoðun laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á frumstigi vinnunnar. Tekið skal fram að þeir fulltrúar komu ekki að lokagerð frumvarpsins um stjórnýslu jafnréttismála sem lagt hefur verið fram til umsagnar.

Frumvarpið er tvíþætt og fjallar um Jafnréttisstofu annars vegar og Kærunefnd jafnréttismála hins vegar.

**Um Jafnréttisstofu sbr. II. kafli frumvarpsins (3. – 6. Gr.)**

Lögbundin verkefni Jafnréttisstofu eru viðamikil og mun aukast að umfangi verði þetta frumvarp að lögum. Stofnuninni eru meðal annars verkefni á sviði þróunar, forvarna, að hafa frumkvæði að rannsóknum á sviði jafnréttismála og hafa umsýslu og eftirlit með jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu. Með lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og með lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði voru stofnuninni einnig falin ný verkefni sem jafnframt stuðla að útvíkkun jafnréttishugtaksins í íslenskri löggjöf. Hins vegar verður ekki séð að stofnunin hafi viðeigandi fjölda starfsmanna og fjárhagsgetu til að sinna öllum þessum verkefnum, sem er ekki til framdráttar fyrir málaflokkinn. Í ljósi framangreinds telur ASÍ að ganga þurfi úr skugga um það að stofnunin hafi burði til að sinna hlutverki sínu skv. lögnum og að nýjum verkefnum fylgi fjárframlag. .

**Um Kærunefnd jafnréttismála sbr. III. kafli frumvarpsins (7. – 11. gr.)**

ASÍ telur að þær breytingar sem lagðar eru til um Kærunefnd jafnréttismála séu almennt jákvæðar og til bóta fyrir málaflokkinn í heild sinni sem og starf og virkni kærunefndarinnar. Nauðsynlegt er að styrkja kærunefndina og skýra hlutverk hennar og verksvið í ljósi þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á jafnréttismálaflokknum í víðari skilningi undanfarin misseri, nánar tiltekið með tilkomu laga nr. 85/2018 og 86/2018.

ASÍ vill þó koma á framfæri eftirfarandi þremur athugasemdum sem mætti ígrunda betur og skýra til að markmið breytinganna komi betur fram:



- Í frumvarpinu er ráðist í nauðsynlegar breytingar á hvernig aðild að dómsmálum í kjölfar úrskurða nefndarinnar er háttað og er því fagnað. Ef til vill mætti þó að mati ASÍ skýra betur hvað í því felst að upphaflegur kærandi eigi rétt á greiddum málskostnaði fari málið fyrir dómstóla. Í því samhengi er vert að benda á að dæmdur málskostnaður er ekki altaf í samræmi við raunkostnað einstaklinga sem standa í dómsmálum.
- Varðandi það nýmæli að kærunefndinni verði veitt heimild til að beina fyrir mælum til aðila í úrskurðum sínum þá telur ASÍ það jákvætt. Engu að síður er þó tekið undir með því sem fram kemur í umsögn kærunefndarinnar sjálfrar við frumvarp þetta að slíkt gæti orðið snúið í framkvæmd. ASÍ telur að skilgreina mætti betur í frumvarpinu hvaða fyrir mælum er hægt að beita og við hvaða tækifæri. Heppilegra er að slíkt sé skilgreint og ákvarðað af löggjafanum.
- Í frumvarpi til nýrra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna er að finna þá mikilvægu réttarbót að bann við fjölþættri mismunun er bætt inn í lög. Að mati ASÍ er um að ræða mjög mikilvægt skref og vill ASÍ því undirstrika það sérstaklega að við mat á hæfisskilyrðum þeirra sem sitji í kærunefndinni verði horft til þekkingar og reynslu hvað það varðar.

f.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Oddsson lögfr.

[halldoro@asi.is](mailto:halldoro@asi.is) / s. 5355600